

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 17. apríl 2015 í máli nr. S-1059/2014:

### Ákærvaldið

*(Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari)*

**gegn**

### Ríkharrð Júlíusi Ríkharrðssyni

*(Guðmundur St. Ragnarsson hdl.)*

### Magnúsi Sigurjóni Einarssyni

*(Guðni Jósep Einarsson hdl)*

### Davíð Fjeldsted

*(Hilmar Magnússon hrl.)*

## I

Mál þetta, sem dómtekið var 9. apríl síðastliðinn, var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 8. desember 2014, á hendur Ríkharrði Júlíusi Ríkharrðssyni, Mosfellsbæ, Magnúsi Sigurjóni Einarssyni, Reykjavík og Davíð Fjeldsted, Reykjavík, „fyrir rán, sérstaklega hættulega líkamsárás, hótanir og frelsissviptingu með því að hafa, síðdegis fimmtudaginn 19. desember 2010 í bakherbergi á veitingastaðnum Monte Carlo við Laugaveg í Reykjavík, í félagi veist að M, fyrst ákærðu Ríkharrð Júlíus og Davíð Freyr en síðar ákærðu allir og krafði hann um peninga, slegið hann ítrekað í höfuð og líkama og sparkað í líkama hans og höfuð í því skyni að þvinga hann til að láta féð af hendi, og hafa svipt M frelsi sínu á meðan á þessu stóð. Fluttu ákærðu M nokkru síðar í bifreið, gegn vilja hans í íbúð að Suðurhlíð 35, í Reykjavík þar sem ákærðu héldu áfram í sameiningu að krefja hann um peninga og veitast að honum og slá hann ítrekað í höfuð og líkama, með hnefum, hnúajárnum og kylfu, heltu þeir þvottaefni upp í munn M, brenndu hann með sigarettum og hótuðu honum að klippa af honum fingur og eyru. Meðan á þessu stóð afklæddu ákærðu M. Ákærðu héldu M fjötruðum og kefluðum yfir nótt í baðkeri í íbúðinni og var hann látinn laus síðdegis föstudaginn 20. desember eftir að faðir hans hafði, að beiðni M, greitt 1 milljón króna inn á bankareikning ákærða Magnúsar Sigurjóns til að leysa M úr haldi ákærðu í samræmi við kröfur þeirra. Áður en M var látinn laus hótuðu ákærðu honum því að ef hann kærði brotin til lögreglu yrði honum og fjölskyldu hans gert mein þar á meðal að systir hans yrði barin og henni og M nauðgað. Af líkamsmeiðingum þessum hlaut M mar á öxl og upphandlegg, yfirborðsáverka á bakvegg brjóstakassa,

brunaáverka á höfði og hálsi, þrjú hringlaga brunasár á aftanverðum hálsi, marga yfirborðsáverka á hálsi, mar á olnboga og yfirborðsáverka á öðrum hlutum höfuðs og mar á hægri auga.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr., 226. gr., 233. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess krafist með vísan til 69. gr. almennra hegningarlaga að ákærðu verði gert að þola upptöku 1 milljón króna, sem var ávinningur af brotum þeirra.

#### *Einkaréttarkröfur:*

Af hálfu M, er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða honum in solidum, kr. 5.100.000 með vöxtum skv. 8. gr. nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 19. desember 2010, til greiðsludags en að mánuði liðnum frá birtingu bótakröfu er krafist dráttarvaxta skv. 6. gr., sbr. 5. gr. til greiðsludags. Þá er réttargæsluþóknunar krafist úr hendi ákærðu, brotaþola að skaðlausu, skv. framlögðum reikningi.

Af hálfu A, er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða honum in solidum, kr. 2.500.000 með vöxtum skv. 8. gr. nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 19. desember 2010, til greiðsludags en að mánuði liðnum frá birtingu bótakröfu er krafist dráttarvaxta skv. 6. gr., sbr. 5. gr. til greiðsludags. Þá er réttargæsluþóknunar krafist úr hendi ákærðu, brotaþola að skaðlausu, skv. framlögðum reikningi.“

Ákærðu neita allir sök og krefjast sýknu. Þeir hafna bótakröfunum og krefjast þess að þeim verði vísað frá dómi. Þess er krafist að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjenda.

## II

Málavextir eru þeir að 18. nóvember 2013 kom brotaþolinn M á lögreglustöð og kærði ákærðu fyrir að hafa svipt sig frelsi og beitt sig grófu líkamlegu ofbeldi. Hann kvað þetta hafa gerst 19. eða 20. desember 2010 en hann hefði ekki þorað að kæra fyrir af ótta við ákærðu. Þá hefðu þeir einnig hótad að skaða systur hans en nú væri hún flutt til útlanda og hefði hann því minni áhyggjur af henni.

Brotaþoli kvað upphaf málsins hafa verið að hann hefði sett tölvu sína í pant fyrir fíkniefnum. Ákærði Davíð hefði frétt af þessu og boðist til að aðstoða hann við að ná tölvunni aftur. Það hefði ekki gengið en fljótlega hefðu ákærðu, Davíð og Ríkharð, sagt hann skulda þeim tölvu og farið að hóta honum. Félagi brotaþola

hefði svo boðað sig á fund á veitingahúsi til að sættast við ákærðu. Fundurinn hefði verið haldinn síðdegis fimmtudaginn 19. desember 2010 og hefðu ákærðu farið með sig inn í bakherbergi þar sem þeir hefðu gengið í skrokk á sér. Skömmu síðar hefði ákærði Magnús komið og tekið þátt í atlögu hinna að sér. Brotapoli kvaðst að lokum hafa samþykkt að hann skuldaði ákærðu en það hafi verið tilbúningur. Þessu næst kvað brotapoli ákærðu hafa flutt sig í íbúð þá er í ákæru getur og þar hefði meðal annars verið borinn að honum eldur, hann laminn með bareflum, uppþvottadufti hellt í munn hans, ríffli beint að honum og honum hótað enn alvarlegri líkamsmeiðingum. Að lokum hefði hann verið látinn afklæðast, verið bundinn og færður í baðkar.

Daginn eftir, föstudaginn 20. desember, kvað brotapoli að ákærði Davíð hefði sagt við sig að hann myndi sleppa ef hann greiddi eina milljón króna. Brotapoli kvaðst hafa hringt í föður sinn og beðið að hann að borga og hefði hann greitt þessa fjárhæð inn á reikning ákærða Magnúsar. Ákærðu hefðu síðan farið að Landsbankanum á Laugavegi þar sem ákærði Magnús hefði tekið út peningana og síðan hefði sér verið sleppt. Brotapoli kvaðst hafa hringt í föður sinn sem hefði sótt sig og farið með sig á slysadeild.

Í vottorði slysadeildar segir að brotapoli hafi komið þangað klukkan 21:41 föstudaginn 20. desember. Hann skýrði frá því að hann hefði verið að skemmta sér aðfaranótt þess dags og verið staddur við skyndibitastað í miðbænum þegar rádist hefði verið á hann og hann kýldur í andlit. „Segist hann hafa vankast við þau högg og ekki muna skýrt eftir atburðarás en lýsir þó því að hann hafi þó reynt að sleppa undan á hlaupum en var eltur uppi og keyrður niður í jörð og sparkað ítrekað í brjóstkassa, hendur og höfuð. Þá man hann eftir að hafa verið brenndur með sigarettu á hálsi. Hann var síðan yfirgefinn og lá kyrr í 5-10 mín. til að jafna sig. Hann kemur síðan að kvöldi þessa dags til að láta skrá niður áverkamerki.“

Í vottorðinu segir að meðvitund brotápola sé skýr og að hann sé áttaður á stað og stund. Á líkama hans sé töluvert af mari og yfirborðsáverkum. „Á vinstri öxl má sjá mar aftan á öxlinni og er það um 5x3 cm að stærð. Ekki snertieymsli við álag á bein og eðlileg hreyfigeta í báðum öxlum. Rétt neðan við herðablað er annað mar það er um 3x2 cm. Þá má sjá roða í húð yfir miðju baki það er eins og núningsmerki og eru um 1 ½ í þvermál. Á aftanverðum hálsi eru þrjú hringlaga brunasár og eru tvö hvort ofan við annað en það þriðja aðeins til hliðar og gæti það svarað til sigarettubruna þar sem að hvert sár er tæplega 1 cm í þvermál. Hægra megin á hálsi sést ílangt mar og er það 3-4 cm að lengd. Vinstra megin á baki má sjá mar og skrámur á þremur stöðum og er eitt þeirra um 5x2 cm og annað sem er 10 cm fyrir neðan er svipað að stærð en það þriðja minna. Á vinstri hendi er mar rétt fyrir neðan olnboga og er það um 5x2 cm. Eðlileg hreyfigeta. Við skoðun á andliti sést um 3x3 mm afrifa á húð á enni. Það er svolítið mar sýnilegt umhverfis hægra auga og svolítil blæðing undir hvítu augans hliðlægt í hægra auga. Ljósop bregðast eðlilega við ljósi. Það má sjá mar á báðum úteyrum. Það eru svolítil þreyfieymsli á neðri kjálka hægra megin og vinstra megin á andliti sjást roðalínur sem teygja sig frá hársverði og niður á kjálka og er þetta um 1 cm á breidd. Öll þessi áverkamerki hafa útlit þess að vera ekki alveg fersk og gætu þess vegna passað við lýsingu sjúklings að þetta hefði gerst aðfaranótt þessa dags en hann kemur þegar komið er fram að kvöld.“

Á slysadeild voru teknar ljósmyndir af brotþola og sýna þær áverka þá sem lýst er í vottorðinu.

Brotþoli gekk til sálfræðings og í vottorði hans segir að hann hafi komið í 29 viðtöl á tímabilinu 28. febrúar 2011 til 17. janúar 2014. Ástæðan hafi verið framangreind árás og frelsissvipting. Brotþoli hafi þurft að kljást við mikinn kvíða og óöryggi og lokað sig af áður en hann byrjaði í viðtölunum. Þá kemur og fram í vottorðinu að hann hefði verið í neyslu á þeim tíma sem árásin átti sér stað en væri hættur henni. Þá kemur og fram í vottorðinu að brotþoli vildi kæra árásina en ekki hefði orðið úr því af ótta, enda hefðu árásarmennirnir hótað því að fjölskylda hans fengi að kenna á því ef kært yrði. Í lok vottorðsins segir að það hafi tekið brotþola langan tíma að ná sér eftir frelsissviptingu sem hafi verið mjög ofbeldisfull og andlega lamandi. Vottorðið er dagsett 4. desember 2014 og segir í því að það sé fyrst þá sem brotþoli sé að ná sér vel á strik og sjálfstraust hans að verða betra.

Meðal gagna málsins er yfirlit yfir bankareikning ákærða Magnúsar. Á því sést að faðir brotþola hefur lagt inn á hann eina milljón króna klukkan 15:59 20. desember og að upphæðin er tekin út af reikningnum sama dag.

Við yfirheyrslu lögreglu yfir ákærða Ríkharð kvað hann brotþola hafa brotist inn í bifreið sína og hefði hann því farið á veitingastaðinn eftir að hafa frétt að brotþoli væri þar. Þar hefði hann tekið í hann og eins í íbúð meðákærða Davíðs. Síðar hefði faðir brotþola greitt fé og hefði hann fengið eitthvað af því sem bætur.

Ákærðu Davíð og Magnús neituðu alfarið sök.

### III

Ákærði Ríkharð neitaði sök við aðalmeðferð og kvaðst ekki kannast við neitt af því sem hann er ákærður fyrir. Hann kvaðst hafa verið í mikilli fikniefnaneyslu á þessum tíma og ekki muna eftir að neitt hefði gerst af því sem hann er ákærður fyrir. Hann kannaðist þó við að hafa verið nær því hvert kvöld á veitingastað þeim er í ákæru greinir. Ákærði kvaðst þekkja meðákærðu en varla vita hver brotþolinn væri. Hann kvaðst ekki muna til þess að hafa átt í útistöðum við brotþolann á þessum tíma. Þá kvaðst hann hafa búið í Suðurhlíð 35 á þessum tíma og meðákærði Davíð hefði búið í næstu íbúð. Hann kannaðist ekki við að hafa farið með brotþola þangað. Þá kannaðist ákærði ekki við að hafa fengið í hendur peninga frá brotþola eða föður hans á þessum tíma. Ákærði kannaðist ekki við að hafa farið á sáttafund með brotþola.

Lögregluskýrsla, sem tekin var af ákærða 4. febrúar 2014, var borin undir hann. Verjandi ákærða var viðstaddur skýrslutökuna. Í skýrslunni segir ákærði að brotþoli hafi brotist inn í bíl sinn og stolið skartgripum og fleiru. „Svo var hringt í mig einhvern tíma um að hann væri niðri á Langabær og ég fer þangað og ræðst á hann og tek eitthvað í hann.“ Nánar lýsti ákærði þessu svo að hann hefði gengið að brotþola og slegið hann. Eins hefðu fleiri slegið hann. Þá kvað hann að farið hefði verið með brotþola heim til meðákærða Davíðs og hefði tilgangurinn verið að finna pýfið en brotþoli hefði verið með íbúð í sama húsi. Þar kvaðst ákærði hafa

löðrungað hann nokkrum sinnum og kýlt hann einu sinni. Allt hafi þetta verið til þess að fá brotþola til að borga fyrir það sem hann hafði stolið. Síðan hefði orðið úr að brotþoli myndi fá lán hjá föður sínum daginn eftir og hefði hann orðið eftir í íbúðinni yfir nóttina. Ákærði kvaðst svo hafa farið heim til sín að sofa, en íbúð hans hafi verið í sama húsi og íbúð meðákærða Davíðs. Daginn eftir kvaðst ákærði hafa farið aftur í íbúð meðákærða og þá hefðu þeir verið að fara út en þar hefðu þá verið fjórir til fimm menn, en ekki kvaðst hann muna hverjir þeir hefðu verið. Síðar sama dag hefði hann fengið 200.000 krónur frá öðrum hvorum meðákærðu.

Ákærði kvaðst hafa verið í fangelsi þegar skýrslan var tekin. Hann kvaðst hafa verið búinn að heyra sögu af brotþola og eins hefði hann rætt við samfanga sína og fengið ráð frá þeim. Þeir hefðu ráðlegt sér að játa. Eins hefði lögreglan rætt við sig tveimur vikum áður en hann átti að losna úr fangelsi eftir að hafa setið inni í 3 ár. Hann kvaðst hafa játað hvað sem var á sig til þess að losna. Hann kvaðst ekki hafa hugsað um neitt annað á þessum tíma og verið tilbúinn að gera hvað sem væri til að losna. Þá kvaðst hann hafa heyrt frásögn af því, sem átti að hafa komið fyrir brotþola, í fangelsinu og þess vegna getað borið hjá lögreglu á þann hátt sem hann gerði.

Ákærði Magnús neitaði sök við aðalmeðferð og kvaðst ekki kannast við neitt af því sem hann er ákærður fyrir. Hann kvaðst þekkja meðákærðu og hefðu þeir verið saman í óreglu á þessum tíma. Hann kvaðst ekki þekkja brotþola. Á þessum tíma kvaðst hann oft hafa komið til meðákærðu í Suðurlíð 35 en ekki hitt brotþola þar. Þá kvaðst hann oft hafa komið á nefndan veitingastað á þessum tíma. Varðandi millifærslu föður brotþola inn á reikning sinn kvaðst ákærði ekki muna eftir þessu. Hann kannaðist við að umrædd upphæð hefði verið færð inn á reikning sinn og taldi að einhver hefði fengið reikninginn lánaðan til að leggja inn á hann. Hann kvað það hafa komið fyrir að menn hefðu beðið um að fá að leggja inn á reikninginn og hann síðan tekið út af honum fyrir þá. Þetta gæti verið skýringin en hann kvaðst ekki þekkja föður brotþola. Hann hefði ekki skuldað sér fé. Ákærði neitaði að þessi fjárhæð hefði verið greidd sem eins konar lausnargjald fyrir brotþola. Hann kvaðst ekki hafa afhent meðákærðu hluta af þessari fjárhæð. Þá kvaðst hann ekki hafa setið sáttafund með brotþola á þessum tíma.

Ákærði Davíð neitaði sök við aðalmeðferð og kvaðst ekki kannast við neitt af því sem hann er ákærður fyrir. Hann kvaðst þekkja meðákærðu og hefðu þeir verið saman í óreglu á þessum tíma. Hann kvaðst ekki þekkja brotþola en kvaðst hafa vitað af honum á þessum tíma. Þá kvaðst hann hafa komið á veitingastaðinn á þessum tíma og eins í íbúðir meðákærðu. Hann kvaðst heldur ekki hafa fengið greiðslur af reikningi meðákærða Magnúsar.

Brotþoli bar að kunningi sinn hefði hringt í sig 19. desember 2010 og hefði hann boðað sig á sáttafund með ákærðu Ríkharð og Davíð. Ástæðuna kvað hann hafa verið að hann hefði látið tölvu að veði í fíkniefnaviðskiptum. Hann hefði greitt skuldina en ekki fengið tölvuna til baka. Ákærði Davíð hefði, tveimur mánuðum áður, boðist að fyrra bragði til að útvega sér tölvuna aftur. Fyrir þennan tíma kvaðst brotþoli hvorki hafa þekkt ákærða Davíð né ákærða Ríkharð en hann hefði kannast við ákærða Magnús. Brotþoli kvaðst svo ekkert hafa heyrt frá ákærða fyrr en hann hefði haft samband við sig og sagt að hann skuldaði sér tölvu. Brotþoli kvaðst ekki hafa fallist á þetta enda væri þetta bara bull. Í framhaldinu hefði ákærði hótað sér og haft meðákærða Ríkharð með sér. Hann kvaðst hafa farið á fundinn 19.

desember til að ljúka þessu máli. Hann kvaðst hafa komið á veitingastaðinn um þrjúleytið og um tveimur tímum seinna hefðu ákærðu Davíð og Ríkharð komið. Þeir hefðu farið inn í bakherbergi og þar hefðu ákærðu ráðist á sig og barið sig „í klessu“ eins og brotapolí orðaði það. Ákærðu hefðu barið sig og sparkað í sig, allstaðar í líkamann, þar á meðal í höfuðið. Eins hefði hann verið brenndur með sígarettu og hefði ákærði Davíð gert það, en þar hefði bareflum ekki verið beitt. Hann kvað að ákærðu hefðu borið á sig upplognar sakir eins og að hann hefði átt að hafa brotist inn í bíl og fleira þess háttar. Vegna þessa hefðu ákærðu sagt hann skulda sér. Brotapolí kvað kunningjann hafa verið rekinn út úr herberginu svo og annað fólk er þar hefði verið. Hið sama hefði gilt um aðra er litu inn í herbergið. Þarna hefði sér svo verið haldið í nærri tvo tíma. Á þeim tíma hefði hann verið beittur ofbeldi og eins hefði verið haft í hótunum við hann. Brotapolí kvað ákærða Magnús hafa komið eftir um klukkutíma og tekið þátt í ofbeldinu. Ákærðu hefðu barið sig og hótad sér öllu illu og hefði tilefnið verið að hann átti að skulda þeim sem ekki hefði verið rétt. Þá kvað brotapolí einn mann hafa komið inn í herbergið meðan á þessu hefði staðið og hefði hann verið rekinn út. Hann hefði ekki þekkt hann þá en kynnst honum síðar og þá hefðu þeir rætt þessi mál. Þá hefði komið í ljós að maðurinn hefði munað eftir þessu. Þá kvað brotapolí útlendan mann hafa verið smástund inni í herberginu og barið sig tvö til þrjú högg og farið svo. Þessi maður hefði ekki tekið þátt í að hóta sér eða svipta sig frelsi.

Að þessu loknu kvað brotapolí ákærðu hafa leitt sig út um bakdyr og að bifreið sem ákærði Davíð var með. Bifreiðin var á Laugavegi og þaðan var ekið að Suðurhlíð í íbúð ákærða Davíðs. Brotapolí kvaðst hafa haft vinnustað í sama húsi. Þarna hefði sér verið haldið í sólarhring og hann pyntaður. Hann hefði verið sleginn og sparkað hefði verið í sig. Ákærðu hefðu beitt kylfu og hnúajárni og þá hefði ríffli verið miðað á sig. Þvottaefni hefði verið hellt upp í sig og borinn að sér eldur. Einnig hefði hann verið brenndur með sígarettu. Þá hefði honum verið hótad lífláti og að fætur hans yrðu brotnir og honum og systur hans nauðgað. Eins hefðu þeir hótad að skaða foreldra hans, vini og kunningja. Þá hefði honum verið hótad því að fingur hans yrðu klipptir og klippt í eyru hans með skærum. Meðan á þessu hefði staðið hefði umrædd skuld hans við ákærðu stöðugt hækkað og endað í einni milljón. Þá hefði honum verið sagt að það myndi skaða hann og hans nánustu ef hann kærði eða ræddi þetta mál. Hann hefði síðan verið látinn afklæðast og verið bundinn. Þá hefðu verið teknar af honum myndir. Þessu næst hefði honum verið hent í baðkar og hann geymdur þar yfir nóttina. Brotapolí kvað ákærðu alla hafa staðið að þessari aðför að sér. Þá kvað hann litla bróður ákærða Davíðs hafa verið í íbúðinni og hefðu ákærðu látið hann berja sig nokkur högg með hnúajárni í andlitið. Hann kvað alla ákærðu hafa barið sig með hafnaboltakylfu en hann mundi aðeins eftir að ákærði Davíð hefði notað hnúajárn.

Brotapolí kvað ákærðu hafa ítrekað að hann ætti að greiða milljónina og ef hann gerði það ekki myndu þeir klippa af honum einn fingur fyrir hvern dag sem greiðsla drægist. Eina ráðið sem brotapolí kvaðst hafa séð hefði verið að hringja í föður sinn og biðja hann að leggja þessa fjárhæð inn á reikning ákærða Magnúsar. Hann kvaðst síðan hafa farið, 20. desember, með ákærðu Davíð og Magnúsi að Landsbankanum á Laugavegi og þar hefði ákærði Magnús sótt peningana. Síðan hefði verið ekið aftur í Suðurhlíð þar sem ákærði Ríkharð hefði fengið hlut af peningunum. Að því loknu hefði verið farið með sig niður í bæ og þar hefðu ákærðu hótad sér öllu illu og nefnt ýmsa menn og samtök í undirheimunum, sem þeir kváðust hafa tengsl við. Að svo búnu kvað brotapolí ákærðu hafa sleppt sér

nálægt Klambratúni. Hann kvaðst hafa gengið til vinar síns í nágrenninu og hringt þar í föður sinn er hafi flutt sig á slysadeild. Þar kvaðst hann ekki hafa skýrt rétt frá málavöxtum af ótta við ákærðu.

Brotapoli kvaðst ekki hafa kært fyrr vegna hótana ákærðu og styrks þeirra samtaka er þeir hefðu tengst. Eftir að þau höfðu verið leyst upp og systir hans hefði flutt til útlanda hefði verið ákveðið að kæra. Hann hefði reyndar verið tilbúinn að kæra um ári eftir þessa atburði en fjölskylda hans hefði lagst gegn því og hefði hann virt óskir hennar. Þá kom fram hjá brotapolu að hann hefði reynt að verja sig en ekki tekist enda hefði hann verið eins og í losti. Þá kvaðst hann hafa metið aðstæður svo að hann hefði ekki getað flúið. Hann kvað ákærðu hafa alla beitt sér jafnt að undanskildu því að ákærði Magnús hefði ekki komið strax á veitingastaðinn. Brotapoli kvaðst hafa verið í fíkniefnaneyslu á þessum tíma en hefði nú verið án efna í fjögur ár.

Faðir brotapolu bar að brotapoli hefði hringt í sig föstudaginn 20. desember um klukkan hálf fjögur og sagt sér að hann væri fangi ofbeldismanna. Jafnframt hefði brotapoli sagt að hann yrði að greiða lausnargjald að fjárhæð ein milljón fyrir lokun banka ef hann ætti að reikna með að sjá hann aftur. Hann kvað sér hafa verið ljóst að hugur fylgdi máli. Faðirinn kvaðst hafa átt handbært fé og því getað millifært þessa fjárhæð yfir á reikning þann er hann hefði fengið uppgefinn. Hann kvaðst hafa heyrt eins og ógnandi bakraddir þegar hann var að tala við son sinn í síma. Hann kvaðst svo ekki hafa heyrt frá brotapolu fyrr en síðar sama dag eftir að honum hafði verið sleppt í Norðurmýrinni. Faðirinn kvað brotapolu hafa sagt að hann væri hjá vini sínum og hefði hann sótt hann og flutt á slysadeild. Hann kvað þó nokkuð hafa sést á brotapolu og hefði hann verið í slæmu ástandi andlega. Faðirinn kvað þá hafa rætt hugsanlega kæru en brotapoli hefði ekki þorað að kæru vegna hótana, meðal annars gagnvart fjölskyldunni. Þá kvaðst faðirinn á þessum tíma hafa rekið fyrirtæki er hefði verið í sama húsi og rekstur tiltekins veitingamanns er tveir ákærðu hefðu haft tengsl við. Hann kvaðst ekki hafa þekkt þessa menn en vitað hverjir þeir voru og til hvers þeir hefðu verið líklegir, jafnvel ofjarlar yfirvalda. Þegar frá leið hefði verið tekin ákvörðun um að kæra enda hefðu margir hvatt til þess. Þá hefði systir brotapolu flutt úr landi 2013 og raunar hefði fjölskyldan öll hugleitt að flytja. Brotapoli hefði fyrr ákveðið að kæra en faðirinn.

Faðirinn kvað brotapolu hafa sagt sér er þeir hittust að ákærði Davíð hefði ætlað að aðstoða sig við að ná til baka tölvu er hann hefði sett að veði. Ákærði hefði átt að fá eitthvað fyrir þetta. Sameiginlegur kunningi hefði komið á fundi og á þeim fundi hefði brotapoli verið tekinn og honum misþyrmt. Hann hefði síðan verið fluttur í íbúð í Suðurhlíð, þar sem honum hefði verið misþyrmt hrottalega og haldið föngnum. Meðal annars hefði brotapolu verið haldið nöktum í baðkari yfir nótt. Krafan vegna tölvunnar hefði upphaflega verið 20 til 30 þúsund en hún hefði síðan hækkað, fyrst í nokkur hundruð þúsund og á endanum í eina milljón.

Kunningi brotapolu, sem kom á framangreindum fundi hans og ákærðu, kvaðst hafa verið viðstaddur upphaf fundar þeirra. Hann kvað sér hafa skilist að brotapoli hefði stolið tölvu frá öðrum hvorum ákærðu, Ríkhaldi eða Davíð. Ákærðu hefðu komið á veitingastaðinn og verið þar í bakherbergi ásamt brotapolu er síðan hefði hann farið með þeim en ekki vissi hann hvert. Hann kvað sér hafa skilist að á þessum fundi hefði átt að jafna málin vegna tölvunnar. Kunninginn kvaðst hafa verið með þeim í bakherberginu og kvaðst hafa séð mann að nafni B sparka í höfuð

brotapola. B hefði komið inn í herbergið og sparkað og síðan farið. Hann kvaðst þekkja alla þessa menn og hefðu ákærðu Ríkharð og Davíð farið saman ásamt brotapolu en ekki kvaðst hann muna eftir ákærða Magnúsi. Hann kvað mennina hafa verið um 20 mínútur á veitingastaðnum. Hann kvaðst ekki muna eftir að ákærðu hefðu beitt brotapolu ofbeldi svo að hann hefði séð, en þeir hefðu verið að tala saman. Hann kvað þó brotapolu hafa verið „skíthræddan“ eins og hann orðaði það, og ekki verið sáttan við að fara með ákærðu. Kunninginn kvaðst hafa sagt honum að hann þyrfti að klára málið.

Vinur brotapolu, sem hann leitaði til eftir að hann var látinn laus, bar að hann hefði komið til sín þennan dag og sagt sér að hann væri að fara að hitta framangreindan kunningja og ætluðu þeir að jafna skuld við einhverja menn. Kunninginn ætlaði að hjálpa brotapolu við að ljúka þessum málum, en brotapolu hefði sagt að hann skuldaði þessum mönnum ekki neitt. Vinurinn kvaðst hafa haft slæma tilfinningu fyrir þessum fundi og sagt brotapolu að hætta við fundinn. Brotapolu hefði engu að síður farið. Einum og hálfum degi síðar hefði hann komið til sín aftur, allur illa farinn. Brotapolu hefði sagt sér að hann hefði verið tekinn og laminn illilega. Hann hefði sagt að árásarmennirnir hefðu notað hafnaboltakylfu og hnúajárn. Hann hefði lýst þessu nákvæmlega fyrir sér en ekki kvaðst vinurinn muna að lýsa því núna. Brotapolu hefði þó sagt sér að hann hefði verið sviptur frelsi og sér haldið í baðkari. Þá hefði brotapolu sagt sér að faðir sinn hefði borgað eina milljón til að fá hann lausan. Hann hefði nefnt Rikka og Magga sem þá menn er þetta hefðu gert og eins rámaði sig í að Davíð hefði verið nefndur. Vinurinn kvaðst ekki þekkja ákærðu. Hann kvað brotapolu hafa allan verið laminn, marinn og skorinn er hann kom til hans. Þá hefði hár verið farið af höfði hans. Þá hefði brotapolu verið í „adrenalínsjokki“ og varla gert sér grein fyrir ástandi sínu.

Maðurinn, sem brotapolu kvað hafa litið inn í herbergið á veitingastaðnum eins og um er getið hér að framan, kvaðst hafa verið þarna á þessum tíma og hefðu fáið verið á staðnum. Hann kvaðst hafa farið inn í bakherbergi til að reykja og þar hefðu verið nokkrir menn innst í herberginu. Honum hefði strax verið sagt að fara út og hefði það verið endurtekið. Eins hefði sér fundist andrúmsloftið einkennilegt. Hann kvaðst hafa farið á barinn og spurt þjóninn hvað væri í gangi þarna inni og hefði svarið verið „láttu þetta eiga sig, ekki fara þarna inn, gleymdu þessu“. Hann kvaðst ekki hafa þekkt þessa menn en síðar hefði hann kynnst brotapolu sem hefði þekkt sig aftur. Hann kvað brotapolu hafa setið í herberginu. Þá kvað hann brotapolu hafa nefnt Ríkharð og Davíð. Þá hefði hann getað tengt þá við myndir er hann hefði séð.

Bróðir ákærða Davíðs kom fyrir dóm en kvaðst ekki hafa orðið vitni að atburðum þeim sem málið fjallar um.

Sálfræðingurinn, sem ritar framangreint vottorð um brotapolu, staðfesti það. Hann kvað brotapolu hafa sagt sér að hann hefði verið tekinn með valdi og sviptur frelsi. Hann hefði verið beittur miklu ofbeldi og eiginlega pyntaður. Hann hefði verið fluttur í bíl milli staða og verið bundinn. Það hefði verið erfitt fyrir brotapolu að segja frá þessu í fyrstu enda hefði hann skammast sín. Brotapolu hefði verið mjög öruggur og illa treyst sér til að vera á ferli af ótta við að hitta árásarmennina. Síðar hefðu tilfinningar brotapolu breyst í reiði en hann hefði samt ekki viljað kæra. Hann hefði einnig talað um að faðir sinn vildi ekki að kært yrði. Árásarmennirnir hefðu hótad að meiða systur hans. Sálfræðingurinn kvað brotapolu hafa sagt sér að

árásarmennirnir hefðu verið þrír og kvaðst hann muna eftir nöfnunum Davíð og Ríkki en ekki mundi hann þriðja nafnið. Þá kvað sálfræðingurinn útilokað að brotþoli væri að skálda frásögn sína upp. Þá væri þetta ekki afleiðing neyslu.

#### IV

Ákærðu hafa neitað sök fyrir dómi en hjá lögreglu hafði ákærði Ríkharð viðurkennt að hafa átt samskipti við brotþola og slegið hann eins og rakið var. Þá var hér fyrr getið um skýringar ákærða á því af hverju hann hefði borið með þessum hætti hjá lögreglu á sínum tíma.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir framburði brotþola um tildrög þess að hann fór á fund ákærðu á veitingastaðnum 19. desember 2010. Einnig var rakinn framburður tveggja vitna, er báru um fund hans með ákærðu, Ríkharði og Davíð, á veitingastaðnum. Þá hefur þriðji maður borið að brotþoli hefði verið að fara á fund manna og hefði tilefnið verið það sem brotþoli hefur borið um. Samkvæmt þessu er sannað að brotþoli hitti ákærðu, Ríkharð og Davíð, á veitingastaðnum nefndan dag. Brotþoli er hins vegar einn um að bera að ákærði Magnús hafi verið á veitingastaðnum og gegn neitun ákærða er það ósannað. Brotþoli bar að hann hefði verið fluttur af veitingastaðnum í nefnda íbúð og fær sá framburður hans stuðning af framburði eins vitnis er bar að brotþoli hefði ekki verið sáttur við að fara. Sama vitni bar og að brotþoli hefði verið „skíthræddur“. Samkvæmt þessu er sannað, gegn neitun ákærðu, Ríkharðs og Davíðs, að þeir hafi svipt brotþola frelsi á veitingastaðnum og flutt í íbúðina. Brotþoli bar að tilefni þessa fundar með ákærðu hafi verið að ræða um tölvu er hann hefði sett að veði eins og rakið var. Fundurinn hefði síðan snúist upp í að krefja hann um skuld er hafi verið tilbúningur. Þessi framburður brotþola, sem dómurinn metur trúverðugan, fær stuðning í því að faðir brotþola greiddi lausnargjald fyrir hann daginn eftir. Þá viðurkenndi ákærði Ríkharð í yfirheyrslu hjá lögreglu að hafa slegið brotþola á veitingastaðnum og verður byggt á þeim framburði sem er til á myndbandsupptöku. Brotþoli er hins vegar einn um að bera að ákærði Davíð hafi veitt honum áverka á veitingastaðnum og er það ósannað.

Brotþoli hefur borið að ákærðu allir hafi svipt sig frelsi og ráðist á sig í íbúðinni á þann hátt sem lýst er í ákæru og með þeim afleiðingum er þar greinir. Þá hefur hann og borið um hótanir þær er þar greinir. Það er niðurstaða dómsins að brotþoli hafi gefið trúverðuga skýrslu fyrir dómi. Framburður hans fær stuðning í framburði vitna um að hann hafi hitt ákærðu, Ríkharð og Davíð, á veitingastaðnum eins og áður sagði. Þá fær framburður hans stuðning í framburði föður hans og vinar, er hittu hann strax eftir að hann hafði losnað frá ákærðu. Framburður brotþola um að veist hafi verið að honum fær og stuðning í framangreindu áverkavottorði og að hluta til í vottorði og framburði sálfræðings, sem rakinn hefur verið. Framburður brotþola um þátt ákærða Magnúsar í því sem gerðist í íbúðinni fær stuðning í því að faðir hans lagði framangreinda fjárhæð inn á reikning ákærða eins lýst er í ákæru og ákærði tók þessa fjárhæð út samdægurs.

Með trúverðugum framburði brotþola, sem styðst við framangreind gögn, er því sannað að ákærðu allir sviptu hann frelsi sínu í íbúðinni með því að halda honum þar gegn vilja hans. Þá er og sannað á sama hátt að þeir veittu honum áverka í

íbúðinni. Í ákæru er ákærðu gefið að sök að hafa bæði slegið brotþola og sparkað í hann eins og lýst er. Þá er þeim og gefið að sök að hafa notað hnúajárn og kylfu. Áverkavottorð brotþola ber með sér að honum hafi verið veittir yfirborðsáverkar og staðfesta myndir það. Á grundvelli þessara gagna er hins vegar ekki hægt að slá því föstu að notað hafi verið hnúajárn eða kylfa og er það því ósannað. Með hliðsjón af áverkunum og trúverðugum framburði brotþola er sannað að ákærðu hafi einnig sparkað í hann. Þá er og sannað með framburði brotþola, læknisvottorði og myndum að ákærðu brenndu hann með sigarettum eins og ákært er fyrir. Hins vegar er ósannað að ákærðu hafi hellt þvottaefni upp í hann.

Brotþoli hefur borið að ákærðu hafi hótad sér og fjölskyldu sinni eins og í ákæru segir. Þessi framburður brotþola fær stuðning í framburði föður hans sem að framan var rakinn. Þá fær framburður brotþola og stuðning í þeirri staðreynd að faðir hans greiddi umkrafða fjárhæð inn á reikning ákærða Magnúsar. Samkvæmt þessu er sannað, gegn neitun ákærðu, að þeir hafi hótad brotþola og fjölskyldu hans eins og þeir eru ákærðir fyrir.

Samkvæmt öllu því sem nú hefur verið rakið verða ákærðu sakfelldir fyrir að hafa ráðist á brotþola og veitt honum áverka. Einnig verða þeir sakfelldir fyrir að hafa svipt hann frelsi sínu og hótad honum og fjölskyldu hans eins og rakið hefur verið. Ákærðu Ríkhald og Davíð verða sakfelldir fyrir að hafa brotið gegn brotþola á veitingastaðnum eins og rakið var að framan. Allir ákærðu eru sakfelldir fyrir að hafa brotið gegn honum í íbúðinni.

Af áverkavottorði brotþola og myndum af honum, sem eru meðal gagna málsins, verður ekki ráðið að áverkar hans séu það miklir að líkamsárásarbrot ákærðu verði talið varða við 1. eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Líkamsárás ákærðu á brotþola varðar því við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Brotþoli var sviptur frelsi sínu í því skyni að hafa af honum fé og eins stóð frelsissviptingin yfir í rúman sólarhring. Varðar það brot því við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 226. gr. sömu laga. Hótanir ákærðu varða við 233. gr. sömu laga.

Eins og rakið hefur verið var upphaf samskipta ákærðu og brotþola það að þeir töldu hann skulda sér fé. Ákærðu héldu brotþola föngnum og beittu hann ofbeldi allt þar til hann hringdi í föður sinn sem lagði fé inn á reikning ákærða Magnúsar eins og rakið var. Samkvæmt þessu beittu ákærðu brotþola líkamlegu ofbeldi og höfðu þannig fé af honum. Með þessu hafa þeir gerst brotlegir við 252. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Ríkhald var dæmdur í 2 ára fangelsi 2009 fyrir brennu, skjalafals og fleiri brot. Árið 2011 var hann sektaður fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna og sama ár dæmdur í 3 ára og 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. og 1. sbr. 2. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga. Honum var veitt reynslulausn í 2 ár 5. febrúar 2014 á eftirstöðvum refsingar, 500 dögum.

Ákærði Magnús var dæmdur í 4 mánaða fangelsi 2011 fyrir fíkniefnalagabrot. Eftir það hefur hann fimm sinnum verið sektaður fyrir umferðar- og fíkniefnalagabrot.

Ákærði Davíð var dæmdur í 3 ára fangelsi 2011 fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. og 1. sbr. 2. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga. Honum var veitt reynslulausn í 2 ár 1. maí 2013 á eftirstöðvum refsingar, 360 dögum.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 49/2005, ber nú að virða reynslulausn ákærðu, Ríkhards og Davíðs, sem skilorðsdóma og dæma með þessu máli. Ákærðu öllum verður gerður hegningarauki og refsing þeirra ákveðin samkvæmt reglu 78. gr. almennra hegningarlaga. Að þessu athuguðu verður refsing ákærða Ríkhards ákveðin fangelsi í 2 ár og 6 mánuði, refsing ákærða Davíðs verður ákveðin 2 ára fangelsi og refsing ákærða Magnúsar ákveðin 1 ár fangelsi. Ákærðu frömdu brotið í desember 2010. Það var fyrst kært 3 árum síðar og ákæra gefin út 4 árum eftir að þeir gerðust brotlegir. Ákærðu hafa nú allir snúið af þeirri braut er þeir voru á og tekið upp aðra hætti. Ákærðu, Davíð og Magnús, eru í fastri vinnu og ákærði Ríkharð býr erlendis og stundar nám. Með hliðsjón af gerbreyttum háttum ákærðu og þegar lítið er til þess hversu langur tími er liðinn frá brotinu verða refsingar ákærðu bundnar skilorði eins og í dómsorði segir.

Ávinningur ákærðu af brotinu var ein milljón króna og verður sú upphæð gerð upptæk til ríkissjóðs með heimild í 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga. Jafnframt er ákveðið með heimild í 69. gr. e sömu laga að nýta skuli hina uppteknu fjármuni til greiðslu á skaðabótakröfu A.

Bótakrafa M sundurliðast þannig að krafist er miskabóta að fjárhæð 5.000.000 króna og 100.000 króna vegna áætlaðs lækniskostnaðar. Ekki er hægt að verða við kröfu um áætlaðan kostnað og er henni vísað frá dómi. Miskabætur til brotþola eru hæfilega ákveðnar 1.000.000 króna.

Bótakrafa A sundurliðast þannig að krafist er miskabóta að fjárhæð 1.500.000 krónur og þá er krafist endurgreiðslu á 1.000.000 króna. Orðið verður við endurgreiðslukröfunni og miskabætur til A eru hæfilegar 500.000 krónur.

Kröfurnar skulu bera vexti eins og í dómsorði segir. Það athugast að ekki verður séð að ákærðu hafi verið birtar kröfurnar fyrr en við þingfestingu og miðast upphaf dráttarvaxta við þann dag er liðnir voru 30 dagar frá þeim degi.

Loks verða ákærðu dæmdir til að greiða sakarkostnað, málsvarnarlaun verjenda sinna, að meðtöldum virðisaukaskatti, og laun réttargæslumanns, einnig að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir.

Dóminn kváðu upp héraðsdómarmennirnir Arngrímur Ísberg dómsformaður, Guðjón St. Marteinnsson og Ingimundur Einarsson.

### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, Ríkharð Júlíus Ríkharðsson, sæti fangelsi í 2 ár og 6 mánuði.

Ákærði, Davíð Fjeldsted, sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði, Magnús Sigurjón Einarsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsinga ákærðu og skulu refsingar ákærðu, Ríkhards og Davíðs, falla niður að liðnum 3 árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en refsing ákærða Magnúsar skal falla niður að liðnum 2 árum frá deginum í dag að telja haldi hann sama skilorð.

Upptækur til ríkissjóðs skal vera ávinningur ákærðu, ein milljóna króna.

Ákærðu greiði óskipt M 1.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. desember 2010 til 9. janúar 2015 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu greiði óskipt A 1.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. desember 2010 til 9. janúar 2015 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu greiði óskipt 40.000 krónur í sakarkostnað. Ákærði Magnús greiði einn 25.100 krónur í sakarkostnað.

Ákærði Ríkhard greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar hdl., 1.023.000 krónur og 25.520 krónur í aksturskostnað.

Ákærði Magnús greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Guðna Jóseps Einarssonar hdl., 613.800 krónur.

Ákærði Davíð greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Hilmars Magnússonar hrl., 613.800 krónur.

Ákærðu greiði óskipt laun réttargæslumanns brotþola, Páls Kristjánssonar hdl., 613.800 krónur.

Arngrímur Ísberg

Guðjón St. Marteinson

Ingimundur Einarsson